Sþ. **71. Breytingartillaga**

við till. til þál. um meðferð utanríkismála.

Flm.: Ólafur Thors, Magnús Jónsson, Pétur Magnússon.

Tillögugr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að hefja nú þegar undirbúning að því, að Íslendingar, með því að neyta uppsagnarákvæðis sambandslaganna, taki öll málefni landsins í eigin hendur. Í þessu skyni skorar Alþingi á ríkisstjórnina að skipa fjögurra manna nefnd, eftir tilnefningu frá miðstjórnum þingflokkanna, er geri tillögur til Alþingis um framtiðarskipun utanríkismála og um tilhögun atkvæðagreiðslu samkv. 18. gr. sambandslaganna. Nefndin vinni kauplaust.